

Fundur myndlistarráðs Fundur nr. 3/2022

Mánudaginn 26. september kl. 15:00

Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík

Mætt eru á fundinn: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM) og Tinna Guðmundsdóttir verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Fundargerð:

1. Seinni úthlutun myndlistarsjóðs 2022

Matsnefndir hafa lokið störfum sínum.

Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum voru: Anna Jóhannsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Katrín Elvarsdóttir og Hlynur Helgason. Aðrir nefndarmenn voru Leifur Ýmir Eyjólfsson og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir.

Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum kynna niðurstöður nefndanna og fara efnislega yfir þau verkefni sem mælt er til að hljóti styrk úr sjóðnum í seinni úthlutun ársins.

Sjóðnum bárust 162 umsóknir og sótt var um fyrir tæplega 159 milljónum kr.

Fj. umsókna	Styrkjaflokkar	Samtals sótt um
34	Útg., ranns.- og aðrir styrkir	36.496.043 kr.
34	Undibúningsstyrkir	30.601.008 kr.
94	Sýningarverkefni	81.286.259 kr.
162		148.883.310 kr.

Myndlistarráð úthlutar 47 m. kr. í seinni úthlutun 2022. Skipting umsókna á milli flokka eru eftirfarandi:

Sýningarstyrkir, samtals 27 m. kr. skiptist á milli 36 verkefna.

Útgáfu-, rannsóknir-, og aðrir styrkir, samtals 11 m. kr. skiptist á milli 18 verkefna.

Undirbúningsstyrkir, samtals 9 m. kr. skiptist á milli 15 verkefna.

Matsnefnd sýningarverkefna ákvað að veita þær upphæðir sem óskað er eftir og árangurshlutfall var 33%. Alls hlutu 10 verkefni styrk yfir milljón. Hæðsta styrkinn hljóta Ólafur Ólafsson og Libia Castro, 1.800.000 kr. fyrir einkasýningu í samstarfi við Töfrateymið og íbúa Reykjanesbæjar í Listasafni Reykjanesbæjar. Suðurlandstviæringurinn hlýtur 1.770.000 kr og samsýning í Kling og Bang í sýningarstjórn Kristínar Helgu Ríkharðsdóttir hlýtur 1.600.000 kr. Ennfremur hljóta sýningarröð í Open, Solander250:Bréf frá Íslandi í Íslenskri grafík, Russy Riot í Kling og Bang og sýningin Norður og niður í Listasafni Reykjavíkur hver um sig 1.500.000 styrk.

Matsnefnd Undirbúningsstyrkja og Útgáfu- og rannsókn- og aðrir styrkir ákvað að veita fleiri en færri styrki. Árangurshlutfall var 30%. Í flokki Undirbúningsstyrkja hlaut myndlistartviæringurinn Sequences hæsta styrkinn, 1.800.000 kr. Undirbúningur fyrir sýningu til heiðurs Ragnari Kjartanssonar myndhöggvara, Útvarpsstöðin Krútt á vegum Kleifa á Norðvesturlandi og verkefni Bjargeyjar Ólafsdóttur Arkífið, bókverk og sýning hljóta milljón hvort um sig. Í flokki Útgáfu- og rannsókn- og annara styrkja hlaut Kling og Bang hæsta styrkinn fyrir útgáfu til að fagna 20 ára starfsemi gallerísins og Tumi Magnússon fyrir geisladisk/bók um hljóðinnsetninguna „Enginn gleypir sólina” eftir Magnús Pálsson frá 1993. Einnig hlýtur Listasafn Reykjavíkur styrk fyrir bókaútgáfu um Hildi Hákonardóttur, Björn Þrándur Björnsson um Catalogue raisonné fyrir Ásgerði Búadóttur og Guðlaug Mía Eyþórsdóttir fyrir vefgagnagrunninn Bláa vasann.

Allir ráðsmenn samþykkja tillögur matsnefnda.

Matsnefnd sýningarverkefna leggur til eftirfarandi breytingar við umsóknarferlið:

1. Að bætt verði inn í leiðbeiningar klausu í þessa veru:

»Í þeim tilvikum þegar sótt er um styrk vegna (a) sýningarraða eða (b) samsýninga hvetjum við skipuleggjendur til þess að senda inn eina umsókn fyrir verkefnið í heild í stað umsókna frá einstökum sýnendum. Ef sýnendur velja að senda inn umsóknir fyrir einstaka sýnendur, þá mælumst við til þess að ekki sé send inn umsókn vegna verkefnisins í heild.«

Myndlistarráð samþykkir bókun.

2. Að í umsóknarformi verði sett inn krafa um að umsækjendur tilgreini nánar til hvaða atriða standi til að nýta mögulegan styrk.

Best væri ef hægt væri að haka við einstaka liði í kostnaðaráætlun. Að öðrum kosti mætti bæta inn textareit þar sem umsækjendur þyrftu að tilgreina þessa þætti.

Myndlistarráð samþykkir bókun.

3. Við veltum jafnframt fyrir okkur hvort ekki sé óþarfi að hafa lið undir óstyrkhæfum þáttum um laun listamanna.

Sjóðurinn einbeitir sér að verkefnum og beinum kostnaði við framkvæmd þeirra. Reiknuð laun listamanna ættu því að vera umsókn óviðkomandi. Eins og er leiða þó til ýktra

áætlana hjá þeim sem færa inn tölur í þennan lið og gera það að verkum að erfiðara er að bera umsóknir saman út frá kostnaði.

Myndlistarráð samþykkir að skoða þennan lið nánar.

2. Fjárlög 2023

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2023, sem var kynnt á dögnum, lækkar myndlistarsjóður um tæpar 33 m. kr., úr 109.5 m. kr. í 76.9 m. kr.

Myndlistarráð samþykkir að óska eftir fundi með menningar- og viðskiptaráðherra til að ræða lækkun sjóðsins.

3. Erindi frá Kynningarmiðstöð

Frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál

- a. Fundargerðir: ráðsmenn fá sendar fundargerðir í tölvupósti til samþykktar.
- b. Næsti fundur: formaður sendir tillögu að næsta fundartíma í tölvupósti.

Fundi slitið 18:15.